

Opið bréf nemenda sviðslistadeildar til stjórnar Listaháskóla Íslands

Við, nemendur sviðslistadeildar Listaháskóla Íslands, hyggjumst ekki greiða skólagjöld vorannar 2018. Slæm aðstaða deildarinnar og síversnandi þjónusta við nemendur deildarinnar kemur í veg fyrir að við getum stundað nám í okkar listgreinum eins og lagt var upp með þegar skólaganga okkar í Listaháskóla Íslands hófst. Við teljum okkur hafa verið svikin um þá þjónustu og aðstöðu til náms sem okkur var lofað. Þessi aðgerð er því ekki aðeins gerð í mótmælaskyni til að hreyfa við stjórn og stjórnendum skólans, heldur á grundvelli þess að alger forsendubrestur hafi orðið í viðskiptasambandi okkar við skólann.

Árum saman hafa nemendur sviðslistadeildar kvartað yfir slæmum aðbúnaði og þjónustu við sig án þess að komið hafi verið til móts við þá með fullnægjandi hætti. Þvert á móti hafa aðstæður nemenda á sviðslistadeild versnað samhliða því að skólagjöld hækka með hverju ári sem líður. Þolinmæði okkar er á þrotum. Okkur er því sá einn kostur fær að halda eftir skólagjöldum þessarar annar enda um alvarlegan forsendubrest að ræða af hálfu skólans. Auk þess hyggjumst við ganga út úr skólanum eftir hádegi á afhendingardegi bréfsins, 29.janúar 2018, og mæta ekki í tíma í skólanum eftir hádegi í mótmælaskyni. Við biðjum stjórn skólans að taka afstöðu til kröfunnar og birta okkur rökstudda ákvörðun sína fyrir mánudaginn 5.febrúar.

Fyrirnefndur forsendubrestur felst meðal annars í eftirfarandi:

Húsnæði Listaháskólans við Sölvhólgötu 13 hentar hvorki til reksturs háskóla né til iðkunar sviðslista:

- Aðgengi fyrir fatlaða er ekki til staðar. Umsækjendur í nám við deildina sem notast við hjólastól, svo dæmi sé tekið, geta ekki mætt í inntökuprufur sem haldnar eru í skólanum og hafa því engan möguleika á að stunda nám við deildina. Þetta er brot á lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og lögum nr 63/2006 um háskóla.
- Sölvhólgata 13 hefur árum saman verið sýkt af myglu. Nemendur skólans sátu kennslustundir í mjög heilsuspillandi rýmum í fjölmörg ár. Nú hefur hluta húsnæðisins verið lokað, þ.m.t. nemendaaðstöðu og fræðistofum. Tónlistardeild hefur verið flutt í annað húsnæði en sviðslistadeild situr eftir í sama, sýkta húsnæðinu.
- Auk myglunnar er húsnæðið að mörgu öðru leyti í niðurníðslu. Svo dæmi sé tekið er daglegt brauð að leki úr skólprörum og úr lofti í rýmum skólans. Loftræstingu í rýmum er verulega ábótavant.
- Í húsnæði deildarinnar er engin les- eða vinnuaðstaða. Stór hluti náms sviðslistanema er fræðilegur, en nemendur hafa enga aðstöðu í húsinu eða nærliggjandi húsum til þess að stunda þann hluta námsins.
- Þegar núverandi nemendur skólans hófu nám var mötuneyti við skólann. Því hefur síðan verið lokað og því er nú ekkert mötuneyti í húsnæði sviðslistadeildar við Sölvhólgötu.

- Ekkert bókasafn er í húsnæði sviðslistadeildar við Sölvhólsgötu. Þegar núverandi nemendur hófu nám var bókasafn til staðar, en það hefur síðan verið fjarlæggt. Í dag hafa nemendur þann kost að panta bækur frá bókasafni skólans í Þverholti eða Lauganesi. Þær sendingar taka oft nokkra daga auk þess sem opnunartímar þeirra bókasafna gera það að verkum að nemendur komast ekki sjálfir á bókasafn utan kennslustunda.
- Önnur rými sem nemendur sviðslistadeildar hafa til notkunar í listsköpun sinni henta ekki við iðkun sviðslista. Dæmi um þetta er að dansstúdíó skólans er óeinangraður skúr.

Þjónusta við nemendur hefur farið mjög versnandi á sama tíma og skólagjöld hafa hækkað.

Hér eru örfá dæmi sem lýsa miklu getuleysi skólans til að standa faglega og af heilum hug við sviðslistadeild LHÍ:

- Utanaðkomandi aðilar, sem hvorki eru nemendur né kennarar við skólann, fá ítrekað aðgang að rýmum sem nemendur greiða fyrir með skólagjöldum sínum og eiga að hafa til umráða. Nemendur hafa ítrekað verið án rýmis og hafa jafnframt þurft að víkja frá æfinga- og sýningarrýmum sínum vegna þessa.
- Mannekla. Einn tæknimaður starfar í þjónustu við tæplega 50 nemendur deildarinnar sem eru allir að vinna að sýningum á sama tíma. Einstaka nemendur hafa lagt á sig gríðarlega vinnu við að aðstoða aðra nemendur án þess að fá fyrir það einingar eða annars konar umbun.
- Búninga- og leikmunageymsla er mjög bágborin og í mýflugumynd. Nemendur fá ekki aðstoð eða aðstöðu til viðhalds og þrifa á þeim búningum og munum sem til eru.
- Mikil fækkun hefur verið á erlendum kennurum við dansbraut skólans. Nemendur dansbrautar telja sig illa svikna vegna þessa, enda er námið kynnt með þeim hætti að alþjóðlegt samstarf sé stór hluti af því.
- Skólinn býður ekki upp á sjúkraþjálfun og því þurfa nemendur að greiða háar fjárhæðir úr eigin vasa vegna meiðsla sem þeir verða fyrir í kennslustundum, auk þess sem þeir fá ekki sveigjanleika frá skólanum til að mæta til sjúkraþjálfara á skólatíma.
- Engin líkamsræktaraðstaða er fyrir dansnema og engin viðleitni er sjáanleg af hálfu skólans til þess að tryggja nemendum aðgang að slíkri aðstöðu.
- Nemendur hafa m.a. þurft að hýsa erlenda kennara vegna þess að skólinn hefur ekki getað séð þeim fyrir húsnæði. Þetta setur nemendur í mjög óeðlilega aðstöðu.

Við teljum okkur hafa verið svikin um þá þjónustu og aðstöðu til náms sem okkur var lofað. Við höfum öll ástríðu fyrir námi okkar og viljum gera allt til þess að stunda það af metnaði, en óviðunandi aðstæður gera okkur það nær ómögulegt. Listaháskólinn er eini skólinn á Íslandi sem kennir sviðslistir á háskólastigi og hafa metnaðarfullir nemendur því neyðst til að sætta sig við aðstæðurnar allt of lengi.

Nemandi innir af hendi greiðslu skólagjalda gegn því að háskólastofnunin uppfylli skilyrði til náms skv. 3. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla. Núverandi ástandi verður ekki lýst með þeim hætti að LHÍ hafi staðið við skuldbindingu samkvæmt slíkum samningi (sjá 63/2006).

Nemendur sviðslistadeildar:

Rakel Björk Björnsdóttir	Eygló Hilmarsdóttir
Berglind Halla Elíasdóttir	Ebba Katrín Finnsdóttir
Hildur Vala Baldursdóttir	Hákon Jóhannesson
Gunnar Smári Jóhannesson	Árni Beinteinn Árnason
Jónas Alfreð Birkisson	Þórey Birgisdóttir
Ásthildur Úa Sigurðardóttir	Aron Már Ólafsson
Rakel Ýr Stefánsdóttir	Hildur Selma Sigbertsdóttir
Steinunn Arinbjarnardóttir	Gígja Sara Björnsson
Tim Darbyshire	Matthías Tryggvi Haraldsson
Tobias M. Draeger	Hallveig Kristín Eiríksdóttir
Rebecca Lord	Stefán Ingvar Vigfússon
Isabella Gonçalves	Sigurlaug Sara Gunnarsdóttir
Silja Hauksdóttir	Lóa Björk Björnsdóttir
Erna Gunnarsdóttir	Pálmi Freyr Hauksson
Selma Reynisdóttir	Alma Mjöll Ólafsdóttir
Ástrós Guðjónsdóttir	Brynhildur Karlsdóttir
Sólbjört Sigurðardóttir	Aron Martin de Azevedo
Kari Vig Petersen	Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir
Pauline Van Nuffel	Helgi Grímur Hermannsson
Rita Maria Muñoz Farias	Birnir Jón Sigurðsson
Yelena Arakelow	Adolf Smári Unnarsson
Þórdís Björk Þorfinnsdóttir	Aníta Ísey Jónsdóttir
Hlynur Þorsteinsson	Snæfríður Sól Gunnarsdóttir
Júlí Heiðar Halldórsson	Tatjana Dís Aldísar Razoumeencko
Elísabet Skagfjörð Guðrúnardóttir	Tómas Helgi Baldursson

Auk þess að hver einasti nemandi á Sviðslistadeild tekur þátt í þessum mótmælum vilja nemendur annarra deilda Listaháskóla Íslands leggja stuðning sinn við bréfið:

Katrín Helga Ólafsdóttir	Hillevi Högström
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir	Jóhanna Rakel Jónasdóttir
Vera Hjördís Matsdóttir	Katla Rúnarsdóttir
Inga Magnes Weissappel	Sara Maria Yasdani
Gunnhildur Birgisdóttir	Jóhann Ingi Skúlason
Sigríður Salvarsdóttir	Óskar Þór Ámundason
Andrés Þór Þorvarðarson	Salka Rósinkraz
Solveig Óskarsdóttir	Hildur Elísa Jónsdóttir
Davíð Sighvatsson Rist	Nína Kristín Guðmundsdóttir
Magni Freyr Þórisson	Valey Sól
Pétur Eggertsson	Ólöf Björk Ingólfisdóttir
Hilma Kristín Sveinsdóttir	Robert Zadorozny
María Sól Ingólfisdóttir	María Rún Þrándardóttir
María Oddný Sigurðardóttir	Anna Andrea Winther
Rósa Ásgeirsdóttir	Guðný Sara Birgisdóttir
Katrín Arndísardóttir	Þórunn Kolbeinsdóttir
Bragi Arnason	Ásbjörn Erlingsson
Ragnhildur Veigarsdóttir	Valur Hreggviðsson
Sandra Lind Þorsteinsdóttir	Hanne Korsnes
Bergþóra Ægisdóttir	Ásgerður Arnardóttir
Una María Bergmann	Æsa Saga Otrsdóttir Árdal
Guðný Charlotta Harðardóttir	Berglind Hreiðarsdóttir
Sigurlaug Björnsdóttir	Almar atlason
Árni Freyr Jónsson	Guðrún Sigurðardóttir
Mattias Martinez Carranza	Tora V. Stiefel
Edda Björk Jónsdóttir	Svanhildur Halla Haraldsdóttir
Emilía Ófeigsdóttir	Þorsteinn Eyfjörð
Agnes Eyja Gunnarsdóttir	Katrín Helga Andrésdóttir
Iðunn Snædis Ágústsdóttir	Borghildur Tumadóttir
Sævar Helgi Jóhannsson	Stefán Hermannsson
Jóhanna Ásgeirsdóttir	Ágústa Björnsdóttir
Ásta Vilhjálmisdóttir	Julia Zakharchuk
Hugrún Margrét Óladóttir	Sölvi Steinn Þórhallson
Emilía Antonsdóttir	Kristján Thorlacius Finnson
Anna Vilhjálmisdóttir	
Auðunn Kvaran	

Silfrún Una Guðlaugsdóttir
Sólbjört Vera Ómarsdóttir
Daníel Ágúst Ágústsson
Einar Lúðvík Ólafsson
Andri Þór Arason
Rakel Andrésdóttir
Margrét dúadóttir Landmark
Matthildur Sigrúnardóttir
María Lind baldursdóttir
Atli Pálsson
Birkir Már Hjaltested
Grèta Jónsdóttir
Sara Björk Hauksdóttir
Sólveig Dóra Hafsteinsdóttir
Anna Sif Gunnarsdóttir
Dögg Patricia Gunnarsdóttir
Sigrún Lárusdóttir
Una Guðjónsdóttir
Steinunn Stefánsdóttir
Julie Mølgaard Jensen
Birgitta Björt Björnsdóttir
Isabella Lopez Molina
Una Haraldsdóttir
Aþena Aradóttir
Margrét Halla Valdimarsdóttir
Flores Axel Böðvarsdóttir Terry
Ásta María Thorsteinsdóttir
Kristrún Brynja Þorsteinsdóttir
Úlfur Bragi Einarsson
Samúel Bjarnason
Úlfur Bæringur
Samúel Aron Laufdal Guðlaugsson
Sesselja Þrastardóttir
Ólafur Þorbjörn Benediktsson
Jakob Sturla Einarsson
Sverrir Örn Pálsson
Gunnar Helgi Guðjónsson
Viktoría Hrund Kjartansdóttir

Tara Njála Ingvarsdóttir
Ásdís Helga Þórbergisdóttir
Sylvía Dröfn Jónsdóttir
Silvía Sif Ólafsdóttir
Agnes Freyja Björnsdóttir
Signý Jónsdóttir
Snorri S. Hertervig
Elísa Mjöll Guðsteinsdóttir
Ólöf Sigþórsdóttir
Margrét Arna Vilhjálmisdóttir
Bjarni Fannar Irmuson
Sylvía Lind Jóhannesdóttir
Ari Jónsson
Rebekka Ashley Egilsdóttir
Kristín Soffía Þorsteinsdóttir
Lena Rós Baldvinsdóttir
Stefán Örn Stefánsson
Inga Kristín Guðlaugsdóttir
Ella Dís Thorarensen
Þórdís Ólöf Sigurjónsdóttir
Hlín Blöndal
Fanney Margrét Eiríksdóttir
Baldur Haraldsson
Una Haraldsdóttir
Júlía Brekkan
Stefanía Á. Albersdóttir
Guðrún Sara Guðmundsdóttir
Victor Óli Búason
Elín Sigríður Harðardóttir
Elma Klara Þórðardóttir
Fanney Steingrímsdóttir
Sarah Diasog Elísiadóttir
Matthildur Hafliðadóttir
Kristín Guðmundsdóttir
Hulda Ragnhildur Hjálmarsdóttir
Þórbergur Friðriksson
Elías Beck Sigurþórsson
Andrea Sif Hilmarsdóttir

Kjartan Hreinsson
Nana Finnsdóttir
Anton Jónas Illugason
Ingibjörg Soffía Oddsdóttir
Sindri Snær Bergsson
Oddný Svava Steinarsdóttir
Elín Edda Þorsteinsdóttir
Björn Snær Löve
Lilja Kristín Svavarsdóttir
Margrét Aðalheiður Þorgeirsdóttir
Kolbeinn Jara Hamíðsson
Halldós Jóhann Gunnarsson
Lilja Björk Rúnóldsdóttir
Símon Viðarsson
Dan Theman Docherty
Margrét Ósk Hildur Hallgrímsdóttir
Daði Vikar Davíðsson
Valgerður Gestsdóttir
Alexander Hugo Gunnarsson
Renate Feizaka

Ríkharður Már Ellertsson
Ellert Björn Ómarsson
Hera Björk Mordal Kristinsdóttir
Hildur Helga Pétursdóttir
Edda Karólína Ævarsdóttir
Hólmfríður Kristjánsdóttir
Hildur Helga Jóhannsdóttir
Esja Jeanne Jónsdóttir
Áslaug Baldursdóttir
Leifur Wilberg Orrason
Þórey Guðjónsdóttir
Anna Pálina Baldursdóttir
Hugrún Lena Hansdóttir
Atli Sigursveinsson
Hjördís Laufey Lúðvíksdóttir
Steinunn Helga Þorsteinsdóttir
Sigurður Ýmir Kristjánsson
Guðrún Helena G Kristjánsdóttir
Stefanía Elmarsdóttir